

COWI f.h. Landsnets

Garðabær, 28. ágúst 2025

202506-0089/I.M.B.

10.03.01

Leyfi til framkvæmda vegna strenglagnar í friðlandi Svarfdæla

Náttúruverndarstofnun hefur móttengið umsókn COWI, fyrir hönd Landsnets, dagsett 30. maí 2025, um framlengingu á framkvæmdaleyfi, dags. 17. júlí 2024, vegna strenglagnar innan friðlands Svarfdæla.

Friðland Svarfdæla er friðlýst sbr. auglýsing [nr. 443/1980](#). Bannað er að breyta landslagi á svæðinu eða farvegi Svarfaðardalsár. Óheimilt er að gera nokkur mannvirki á svæðinu. Gildir þetta um hvers konar byggingar, skurði og vegi. Til undanþágu þarf leyfi Náttúruverndarstofnunar.

Lýsing verkefnis:

Sótt er um áframhaldandi framkvæmdaleyfi vegna lagningar 66 kV jarðstrengs, Dalvíkurlínu 2 (DA2) milli tengivirkis á Rangárvöllum við Akureyri og tengivirkis við Dalvík um friðland Svarfdæla. Umhverfisstofnun, forveri Náttúruverndarstofnunar, veitti leyfi fyrir sitt leyti fyrir framkvæmdunum þann [17. júlí 2024](#). Þar sem skilyrðum leyfisins var ekki framfylgt og gildistími leyfisins var útrunninn voru framkvæmdir stöðvaðar og skýringa og úrbóta krafist. Þann 14. ágúst sl. sendi Náttúruverndarstofnun COWI málslokabréf þar sem fullnægjandi úrbótaáætlun rekstraraðila hafði borist stofnuninni.

Sá hluti framkvæmdarinnar sem nú er sótt um leyfi fyrir vegna borunar undir veginn sem liggur um friðlandið og greftri strengskurðar. Því næst er sandað undir strenginn í skurðinum, strengurinn dreginn út, sandað yfir og gengið frá strengskurðinum með upp gröfðu efni. Strengleiðin er að hluta til í grónu landi innan friðlandsins og verður fyrirbyggjandi svarðlag nýtt eins og kostur er.

Fyrirhugaður framkvæmdatími er einn til tveir mánuðir og hefjist 1. september 2025. Mögulega þarf að gera einhverjar lagfæringar á yfirborði lands eftir veturinn og er því óskað eftir að leyfið gildi út apríl 2026.

Áhrifamat fyrir áhrif framkvæmdanna ágrunnvatnshlotið Svarfaðardalur 102-130-G fylgdi umsókninni. Er það mat Landsnets að framkvæmdir við Dalvíkurlínu 2, innan friðlands Svarfaðardals, muni ekki leiða til þess að ástand grunnvatnsvatnshlotsins þar muni hnigna og

leiða til þess að umhverfismarkmið sem sett hafa verið um það náist ekki. Náttúruverndarstofnun gerir ekki athugasemdir við áhrifamatið.

Áhrifamat:

Ráðgjafanefnd Friðlands Svarfdæla leggur áherslu á að ekki verði hnikað frá fyrra leyfi um frágang og að afmá skuli öll ummerki framkvæmda eins og kostur er.

Að mati Náttúruverndarstofnunar mun sá hluti framkvæmdarinnar sem hér um ræðir hafa óveruleg áhrif á verndarsvæðið til lengri tíma sé skilyrðum leyfisins fylgt. Reikna má með neikvæðum áhrifum á meðan á framkvæmdum stendur sem skal lágmarka eins og kostur er með lágmarks raski og góðri umgengni.

Þar sem leiðin þverar Ólafsfjarðarveg skal fylgja gömlum vegslóða austan megin við veginn.

Um er að ræða viðkvæmt svæði þar sem m.a. er flórgoðavarp og ekki má raska bökkum tjarnarinnar við vegslóðann. Leggja skal lágmarksslóða, jarðvegsdúk undir og þar til gerðar plastplötur til að lágmarka rask.

Niðurstaða:

Náttúruverndarstofnun veitir COWI/Landsneti fyrir sitt leyti leyfi fyrir framkvæmdum innan friðlands Svarfdæla sbr. lýsingu hér að ofan að uppfylltum eftirfarandi skilyrðum. Vegna varps á svæðinu gildir leyfi þetta til 15. apríl 2026:

- Hafa skal þetta bréf með í för á meðan verkefninu stendur og kynna fyrir starfsfólki þau skilyrði sem fylgja leyfinu, áður en undirbúningur og vinna hefst.
- **Tilkynna skal til starfsmanns Náttúruverndarstofnunar á svæðinu hvenær verkefnið hefst og þegar því lýkur með að minnsta kosti sólarhrings fyrirvara.**
- Náttúruverndarstofnun skal tilkynnt um öll frávik við áður útgefna verkefnalýsingu, og eins ef breyting verður á tímasetningu verkefnis eins fljótt og auðið er.
- Ef upp koma álitamál um framkvæmdir sem tengjast verkefninu og frágang svæðisins skal hafa samband við Náttúruverndarstofnun í síma 556-6800.
- Úrbótaáætlun, dags. 23. júlí 2025 skal fylgt í hvívetna.
- Óheimilt er að raska bökkum tjarnarinnar við vegslóðann.
- Leggja skal lágmarksslóða, jarðvegsdúk undir og þar til gerðar plastplötur til að lágmarka rask.
- Virða skal þær umgengnisreglur sem gilda um svæðið.
- Forðast skal óþarfa rask og stærð framkvæmdasvæðis skal haldið í lágmarki.
- Þess skal gætt að framkvæmdirnar séu í samræmi við skipulagsáætlanir.
- Vanda skal frágang að verki loknu. Vinna skal að endurheimt og landmótun á því yfirborði sem raskast og um leið afmá öll ummerki framkvæmdanna.
- Óheimilt er að raska votlendi vegna framkvæmdanna.
- Umsækjanda ber að tryggja viðhald mannvirkisins og ef notkun þess er hætt skal það fjarlæggt.

- Starfsmenn verkefnisins gangi snyrtilega um svæðið og forðist allt rask utan framkvæmdarsvæðis og þess gætt að allur úrgangur verði fjarlægður.
- Gæta skal að mengunarvörnum farartækja og þess gætt að mengandi vökvi berist ekki í jarðveg/vatn.
- Þess skal gætt við akstur utan vega vegna framkvæmdanna að hann fari fram á tímum þar sem hann veldur sem minnstu raski á jarðvegi og gróðri.
- Öll vinnutæki þurfa að vera hreinsuð áður en þau koma inn á svæðið, til að koma í veg fyrir innflutning á ágengum tegundum frá öðrum svæðum.
- Tryggja skal að plógurinn skeri bara svörðinn en kuðli honum ekki saman þar sem farið er yfir gróðurlendi.

Ef leyfishafi veldur náttúruspjöllum með framkvæmd í skilningi 87. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd getur Náttúruverndarstofnun t.d. lagt fyrir leyfishafa að afmá jarðrask og lagfæra gróðurskemmdir eða stöðvað framkvæmdir sbr. nánar XV. kafla laganna.

Ef umhverfisaðstæður á svæðinu breytast getur Náttúruverndarstofnun skv. 2. mgr. 89. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd breytt skilyrðum leyfis, bætt inn nýjum skilyrðum eða afturkallað leyfið til að koma í veg fyrir verulegt, ófyrirséð tjón á náttúru Íslands.

Sé skilyrðum leyfis ekki fullnægt getur Náttúruverndarstofnun afturkallað leyfið skv. 1. mgr. 89. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd.

Náttúruverndarstofnun minnir á að skv. 6. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd er öllum skylt að ganga vel um náttúru landsins og sýna ýtrustu varúð þannig að henni verði ekki spillt. Við framkvæmdir, starfsemi, rekstur og önnur umsvif sem áhrif hafa á náttúruna skal gera allt sem með sanngirni má ætlast til svo komið verði í veg fyrir náttúruspjöll.

Leyfi Minjastofnunar þarf fyrir verkefninu ef friðlýstar fornminjar eru innan 100 metra frá framkvæmdarsvæðinu. Ef um er að ræða aðrar fornminjar sem eru friðaðar þarf leyfi Minjastofnunar ef minjarnar eru innan 15 metra frá framkvæmdarstað nema annað sé ákveðið.

Leyfisgjald:

Náttúruverndarstofnun hefur nú innheimt gjald fyrir vinnslu og afgreiðslu umsókna um leyfi á friðlýstum svæðum sbr. 1. mgr. 92. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd. Gjald fyrir umsókn um framkvæmdir, kvikmyndagerðar og/eða myndatöku er kr. **83.200.** sbr. 7. gr. b. gjaldskrá Náttúruverndarstofnunar nr. 354/2025.

Eftirlit:

Náttúruverndarstofnun mun hafa eftirlit með framkvæmdum og frágangi á svæðinu. Eftirlitið verður framkvæmt af starfsmanni Náttúruverndarstofnunar.

Virðingarfyllst



Hákon Ásgeirsson

sviðsstjóri

Dagbjört Jónsdóttir

svæðissérfræðingur